

Fimmtudaginn 22. janúar 1998.

Nr. 223/1997.

Kjartan Lárusson

(Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

Péttri Blöndal Gíslasyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Skuldabréf. Ábyrgð. Sjálfskuldarábyrgð. Endurkrafa. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1997. Það mál var ekki þingfest, en áfrýjunarstefna var gefin út að nýju 21. maí 1997 samkvæmt heimild í 4. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 7. gr. laga nr. 38/1994. Krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 796.354,04 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 257.666,67 krónum frá 14. nóvember 1991 til 29. sama mánaðar, af 375.239,47 krónum frá þeim degi til 4. desember sama árs, en af 796.354,04 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 70.000 krónum. Hann krefst jafnframt málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytis 18. nóvember 1997 var stefnda veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti gerði stefndi þá varakröfu, að hann yrði einungis dæmdur til að greiða 430.000 krónur auk vaxta frá þingfestingardegi málsins í héraði.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hlutaðist áfrýjandi til um, að teknar yrðu skýrslur fyrir dómi af þremur mönnum. Hefur endurrit þeirra verið lagt fyrir Hæstarétt svo og nokkur önnur skjöl.

Hjörtur O. Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, ritaði stefndi nafn sitt undir skuldabréf, sem gefið var út fyrir hönd Laugarverks hf. 4. október 1990 vegna lántöku í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Selfossi. Er nafnárítun stefnda neðst hægra megin á skuldabréfinu, undir tveimur öðrum nafnárítunum og prentuðum texta, er hljóðar svo: „Samþykkir ofanskráðu sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar“. Er ljóst, að staðsetning áritunar stefnda og útlit skjalsins að öðru leyti bendir ekki til annars en að hann hafi tekist á herðar sjálfskuldarábyrgð á þessari skuld Laugarverks hf. ásamt tveimur öðrum mönnum.

Stefndi heldur því á hinn bóginn fram, að hann hafi einungis ætlað að undirrita bréfið sem vottur, svo sem hann hafi verið beðinn um. Hafi áritun sín á skjalið ekkert gildi umfram það. Þessu andmælir áfrýjandi, sem heldur fram, að stefndi hafi áritað bréfið um sjálfskuldarábyrgð sína á skuldinni, svo sem tilætlun allra hlutaðeigandi hafi verið. Verður sönnunarbyrði um réttmæti fullyrðinga stefnda, sem ganga þvert gegn því, sem útlit skjalsins bendir til, lögð á hann sjálfan.

Áfrýjandi kveðst reka málið eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 og reisir kröfur sínar á reglum kröfuréttar um innbyrðis uppgjör ábyrgðarmanna. Verður fallist á með stefnda, að sakarefnið sé ekki þannig vaxið, að mál um það verði rekið samkvæmt áður nefndum kafla laga nr. 91/1991. Er stefnda heimilt að koma að þeim vörnum, sem teft var fram í málsvörn hans í héraði.

Til stuðnings kröfum sínum hefur stefndi einkum vísað til þess, að vitnin Börkur Ólafsson og Birkir Pétursson, sem gáfu skýrslu fyrir dómi, hafi báðir skýrt svo frá, að stefndi hafi áritað skuldabréfið sem vottur að beiðni áfrýjanda. Við mat á framburði þeirra verður þó ekki komist hjá að líta jafnframt til þess, að þeim ber ekki að öllu leyti saman um atvik að öðru leyti, er þeir og stefndi árituðu skjalið. Þannig kom fram hjá Berki, að hann minnti, að þeir hefðu allir þrír verið saman komnir í kaffistofu Laugarverks hf., þegar áfrýjandi kom til þeirra með skuldabréfið til undirritunar. Birkir bar hins vegar, að Börkur hefði ekki verið viðstaddur, þegar hann hefði sjálfur ásamt stefnda undirritað bréfið að beiðni áfrýjanda. Hann gat ekki heldur gefið svar við því, hvar í starfsstöð Laugarverks hf. þeir hefðu áritað skjalið.

Meðal þeirra, sem gáfu skýrslu eftir uppkvaðningu héraðsdóms, var Garðar Eiríksson, en hann gegndi starfi útibússtjóra Búnaðarbankans á Selfossi, þegar Laugarverk hf. tók þar umrætt lán. Hann skýrði svo frá, að skuldabréfið hefði verið útbúið í bankaútibúinu. Ekki hefði þó verið unnt að skrá inn í meginmál bréfsins nöfn ábyrgðarmanna, þar eð ekki hefði verið ljóst á því stigi, hverjir þeir yrðu. Hins vegar hefði farist fyrir að gera það, þegar bréfinu var skilað aftur með undirskriftum útgefanda, ábyrgðarmanna og votta. Þá hefði hann gert að skilyrði fyrir lánveitingunni, að sjálfskuldarábyrgðarmenn yrðu þrír, og ástæða þess verið bág fjárhagsstaða Laugarverks hf. Þegar bréfinu var skilað undirrituðu, hefði hann lit-ið svo á, að stefndi væri einn þessara þriggja ábyrgðarmanna. Þá svaraði vitnið neitandi spurningu um, hvort það hefði umrætt sinn eða einhverju sinni krafist þess, að fleiri en tveir menn vottuðu undirskriftir á skuldabréf.

Hjörtur Árnason gaf einnig skýrslu eftir uppkvaðningu héraðsdóms, en hann var einn hluthafa í Laugarverki hf. Fram kom, að hann hefði í nokkur skipti gengið í ábyrgð fyrir skuldum félagsins. Þegar kom að þeirri lántöku, sem mál þetta snýst um, hefði hann hins vegar neitað að ganga í frekari ábyrgðir. Hefði hann og áfrýjandi gert þá kröfu til Barkar Ólafssonar, sem í raun hefði staðið að baki félaginu, að hann útvegaði tvo sjálfskuldarábyrgðarmenn á skuldabréfið, en áfrýjandi hefði tekið að sér að vera hinn þriðji. Hefði Börkur nefnt nöfn sambúðarkonu sinnar og stefnda í þessu sambandi. Hefði vitninu þannig verið kunnugt um, að til stæði að afla samþykkis stefnda til þessa, en ekki fylgst með framvindu málsins eftir það.

Samkvæmt öllu framanröktu verður lagt til grundvallar dómi, að sönnun bresti fyrir því, að undirskrift stefnda bindi hann ekki við sjálfskuldarábyrgð á þessari lántöku Laugarverks hf., svo sem útlit skjalsins bendir skýrt til. Verður því ekki fallist á umrædda meginröksemd stefnda fyrir kröfu um sýknu af kröfum áfrýjanda.

II.

Krafa áfrýjanda er á því reist, að við innbyrðis uppgjör ábyrgðarmanna skuli ábyrgð þeirra skiptast að jöfnu samkvæmt ólögfestum meginreglum kröfuréttar. Með því að hann hafi greitt alla skuldina,

eigi hann kröfu á hvorn hinna ábyrgðarmannanna um einn þriðja hluta hennar.

Fallist verður á, að áfrýjandi eigi hlutfallslegan endurkröfurétt á stefnda, nema leitt sé í ljós, að ábyrgðarmennirnir hafi samið um aðra skiptingu eða það leiði af öðrum atvikum málsins. Ekkert er fram komið um, að slíkum samningi sé til að dreifa, og hlutafjäreign stefnda í Laugarverki hf. skiptir hér ekki máli. Málsaðilar ásamt þriðja ábyrgðarmanninum gengu allir í ábyrgð gagnvart þeim skuldareiganda, sem áfrýjandi greiddi skuldina. Þer stefnda samkvæmt framansögðu að endurgreiða áfrýjanda þriðjung skuldarinnar, svo sem hinn síðarnefndi krefst.

III.

Varakrafa stefnda er á því reist, að sátt hafi orðið með málsaðilum um uppgjör skuldarinnar, sem áfrýjandi sé bundinn af. Samkvæmt yfirlýsingu 9. september 1992 lýstu þeir og Börkur Ólafsson yfir, að „þeir hafa gert með sér samkomulag varðandi greiðslu á skuldabréfi“ því, sem í máli þessu ræðir. Skyldu stefndi og Börkur vinna verk samkvæmt nánari verklýsingu frá áfrýjanda fyrir 500.000 krónur, en þá skyldi stefndi fá kvittun frá áfrýjanda um, að skuldabréfið væri að fullu greitt af hans hálfu. Í niðurlagi yfirlýsingarinnar gerði stefndi fyrirvara um, að í samkomulaginu fælist ekki viðurkenning hans um, að hann bæri ábyrgð á skuldinni. Heldur stefndi fram, að í samkomulaginu fælist bindandi eftirgjöf áfrýjanda á hluta kröfunnar, þ. e. þeim hluta, sem sé umfram 500.000 krónur.

Börkur Ólafsson hóf umrætt verk, og meta málsaðilar það framlag á 70.000 krónur. Ekki liggur nákvæmlega fyrir, hvenær verkið var unnið. Ljóst er, að ekki varð af frekari efdum samkomulagsins af ástæðum, sem varða Bök og stefnda, en ekki áfrýjanda. Telst áfrýjandi að svo vöxnu ekki frekar bundinn af þessu samkomulagi um verk í stað endurgreiðslu, svo sem staðið var að efdum þess af hálfu stefnda og Barkar.

Vísun stefnda til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa á ekki við í máli þessu og kemur ekki frekar til álita.

Samkvæmt öllu framanröktu verða kröfur áfrýjanda í málinu teknar til greina. Skal stefndi jafnframt greiða málskostnað, sem

verður ákveðinn sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Pétur Blöndal Gíslason, greiði áfrýjanda, Kjartani Lárussyni, 796.354,04 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 257.666,67 krónum frá 14. nóvember 1991 til 29. sama mánaðar, af 375.239,47 krónum frá þeim degi til 4. desember sama árs, en af 796.354,04 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Frá þessu skal draga 70.000 krónur, eins og krafa áfrýjanda stóð 9. september 1992.

Stefndi greiði samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. janúar 1997.

Ár 1997, föstudaginn 10. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. E-118/1996: Kjartan Lárusson gegn Péttri Blöndal Gíslasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. desember sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 12. desember 1995 og birtri 17. desember 1995.

Stefnandi er Kjartan Lárusson, kt. 250255-4469, Feney, Laugarvatni.

Stefndi er Pétur Blöndal Gíslason, kt. 230958-5649, Langholtsvegi 69, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 796.354,04 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 257.666,67 kr. frá 14. nóvember 1991, af 375.239,47 kr. frá þeim degi til 4. desember 1991, en af 796.354,04 kr. frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 70.000 krónum. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta samkvæmt 12. gr. vaxtalaga. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara er sú krafa gerð, að stefndi verði einungis dæmdur til

greiðslu 23.890,62 króna. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts.

Málavextir eru þeir, að 4. október 1990 gaf stefnandi út f. h. Laugarverks hf. skuldabréf, að fjárhæð 2.500.000 kr., til Búnaðarbanka Íslands á Selfossi. Stefnandi tókst jafnframt á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu ásamt Björgu E. Hansdóttur. Skuldabréfið er á stöðluðu formi, og á því er gert ráð fyrir undirskrift tveggja sjálfskuldarábyrgðarmanna og tveggja votta. Fyrir neðan nöfn stefnanda og Bjargar hefur verið bætt við línu, og hefur stefndi ritað nafn sitt og kennitölu á hana. Samkvæmt formi bréfsins rita tveir vottar nöfn sín ásamt kennitölum á það, þeir Börkur Ólafsson og Birkir Pétursson. Samkvæmt skuldabréfsforminu er gert ráð fyrir, að nöfn, heimilisföng og kennitölur sjálfskuldarábyrgðarmanna séu skráð í meginmáli þess, en engra ábyrgðarmanna er þar getið. Skuld þessa bar að greiða með tólf afborgunum á tveggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. janúar 1991. Vegna vanskila leysti stefnandi skuldabréfið til sín og greiddi samtals 2.389.062,10 kr. á tímabilinu frá 14. nóvember til 4. desember 1991 og krefur nú stefnda um greiðslu á þriðjungi þeirrar fjárhæðar.

Hlutafélagið Laugarverk hf. var stofnað á Laugarvatni 19. nóvember 1989. Var stefndi meðal stofnenda hlutafélagsins og skráður fyrir 10.000 króna hlut af 1.000.000 króna hlutafé. Upplýst er, að stefndi starfaði hjá félaginu frá 31. ágúst 1990 til 16. október sama ár. Árið 1992 höfðaði stefnandi mál á hendur stefnda til greiðslu á framangreindri skuld, þar sem því var einnig haldið fram, að stefndi væri meðal ábyrgðarmanna á skuldabréfinu. Því máli lauk með samkomulagi aðila 9. september 1992 um, að stefndi og Börkur Ólafsson ynnu að vegarlagningu í þágu stefnanda, og varð að samkomulagi, að stefndi yrði laus allra mála gagnvart stefnanda, þegar unnið hefði verið fyrir 500.000 krónur. Umrædd vegarvinna var unnin að hluta, og er samkomulag með aðilum, að sú vinna verði metin á 70.000 krónur. Er stefndi undirritaði yfirlýsinguna, lýsti hann jafnframt yfir því, að hann væri á engan hátt að viðurkenna, að hann væri ábyrgur gagnvart stefnanda fyrir umræddri skuld.

Stefndi gerði kröfu um frávísun máls þessa í greinargerð, en með úrskurði, upp kveðnum 14. júní sl., var þeirri kröfu hafnað.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á umræddu skuldabréfi, ólögfestum reglum um viðskiptabréf og ábyrgð greiðsluskuldbindinga og endurkröfur ábyrgðarmanna og XVII. kafla laga nr. 91/1991. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við III. kafla vaxtalaga, og kröfur um málskostnað eru studdar við 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi mótmælir því, að mál þetta sé rekið skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991, og telur sér heimilt að koma að öllum vörnum í málinu, er sé rekið sem endurkröfumál milli ábyrgðarmanna á skuldabréfi. Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann sé ekki ábyrgðarmaður á skuldabréfinu, heldur hafi hann ritað á það sem vottur. Hafi stefnandi komið í vinnuskúr á vegum Laugarverks hf. og óskað eftir því við viðstadda starfsmenn, að þeir skrifuðu undir bréfið sem vottar og stefndi orðið við því ásamt þeim Berki og Birki. Þá sé nafna ábyrgðarmanna ekki getið í meginmáli skjalsins, og staður undirritunar stefnda beri ekki með sér, að hann riti undir sem ábyrgðarmaður. Stefndi riti á skjalið á sama hátt og aðrir vottar með því að tilgreina kennitölu sína. Enn heldur stefndi því fram, að málamyndaaðild stefnda að Laugarverki hf. fylgi ekki þátttaka í rekstri félagsins, stjórnun eða fjárhagslegri áhættu. Stefndi hafi enga hagsmuni haft af láninu. Stefndi fullyrðir, að um ábyrgð samábyrgðarmanna fari eftir tilætlan aðila, eðli máls og aðstæðum öllum í málinu. Samkvæmt eðlisrökum um sanngirni, eðli réttarsambandsins og öllum aðstæðum beri að taka sýknukröfuna til greina. Stefndi styður varakröfu sína um lækkun á dómkröfum við það, að eignarhluti stefnda hafi einungis verið 1%, og beri honum því aðeins að greiða 1% af innlausnarfjárhæð skuldabréfsins.

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta er höfðað og rekið sem skuldabréfamál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991. Stefndi hefur hreyft þeirri málsvörn, að hann hafi ekki ritað á skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, heldur sem vottur, og sé málinu því ranglega beint að sér. Slíkar varnir komast að í máli þessu, sbr. a-lið 1. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að stefndi hafi skrifað á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Stefndi hefur komið fyrir dóm og lýst yfir, að hann hafi ritað á skuldabréfið sem vottur að beiðni stefnanda. Vitnið Börkur Ólafsson hefur fyrir dómi einnig lýst yfir, að stefndi hafi að beiðni stefnanda ritað á bréfið sem vottur. Vitnið Birkir Pétursson hefur einnig komið fyrir dóm og staðfest, að stefndi hafi ritað á bréfið sem vottur að beiðni stefnanda. Vitnið kvaðst ekki hafa verið starfsmaður Laugarverks og ekki tengjast málsaðilum á neinn hátt.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, er nafna sjálfskuldarábyrgðarmanna ekki getið í meginmáli umrædds skuldabréfs. Þá eru stefndi og vottarnir Börkur og Birkir allir sammála um, að stefndi hafi ritað á skuldabréfið sem vottur að beiðni stefnanda. Þykir framburður vitnisins Birkis hafa hér sérstakt vægi, en ekki er í ljós leitt, að hann tengist málsaðilum á neinn hátt. Þá verður að telja með nokkrum ólíkindum, að stefndi, sem átti ein-

ungis 1% í hlutafélaginu Laugarverki hf., hafi ætlað sér að takast á hendur persónulega ábyrgð á fjárskuldbindingum hlutafélagsins með þessum hætti. Þegar allt framanritað er virt, þykir því leika svo mikill vafi á réttarstöðu stefnda að þessu leyti, að stefnandi verði að bera hallann af því. Yfirlýsing stefnda frá 9. september 1992 þykir hér engu breyta, enda gerði stefndi þann fyrirvara, að hann viðurkenndi ekki greiðsluskyldu sína. Telst því ósannað, að stefndi hafi með undirskrift sinni á umrætt skuldabréf tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Pétur Blöndal Gíslason, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Kjartans Lárussonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
